

FÉLAGSPJÓNUSTA
RANGÁRVALLA- OG VESTUR SKAFTAFELLSSÝSLU
Suðurlandsvegur 1-3, 850 Hella s. 487-8125

Reglur um stuðningsþjónustu við fjölskyldur

1. gr.

Lagagrundvöllur

Reglur þessar eru settar á grundvelli 11. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, en þar er kveðið á um hlutverk félagsmálanefnda. Meðal þeirra verkefna sem félagsmálanefnd skal sinna er að leitast við að tryggja að félagsleg þjónusta sé sem mest í samræmi við þarfir íbúa, að veita einstaklingum og fjölskyldum aðstoð með ráðgjöf, fjárhagslegri fyrirgreiðslu og annarri þjónustu og að beita sér fyrir forvörnum sem eru til þess fallnar að tryggja stöðu einstaklinga og fjölskyldna.

2. gr.

Markmið

Markmið stuðningsþjónustu er að tryggja þroskavænleg uppeldisskilyrði barna og ungmenna og að tryggja að þær fjölskyldur sem þurfa aðstæðna sinna vegna á auknum stuðningi að halda umfram þá grunnþjónustu sem kveðið er á um í reglum um fjárhagsaðstoð

3. gr.

Réttur til stuðningsþjónustu

Rétt til stuðningsþjónustu eiga þær fjölskyldur sem þurfa aðstæðna sinna vegna á auknum stuðningi að halda. Undir þá skilgreiningu geta fallið fjölskyldur sem eiga í miklum fjárhagserfiðleikum sem þó gefa ekki rétt til fjárhagsaðstoðar samkvæmt reglum um fjárhagsaðstoð, fjölskyldur þar sem börn þurfa stuðning vegna fötlunar systkina sinna eða fjölskyldur sem glíma við margþætta félagslega erfiðleika og þurfa því aukin stuðning án þess að mál teljist barnaverndarmál. Skilyrði fyrir veitingu stuðningsþjónustu er að þjónustan sé liður í umfangsmeiri aðstoð við umsækjanda. Við mat á aðstæðum er stuðst við sérstakt matsblað þar sem sérstaklega er horft til félagslegrar stöðu umsækjanda. Á matsblaði eru gefin stig fyrir 7 þætti sem meta vanda umsækjanda. Þeir umsækjendur sem skora 5 stig eða færri eiga ekki rétt á þjónustu samkvæmt þessum reglum.

4. gr.

Skilgreining og megináherslur stuðningsþjónustu

Þjónusta og aðstoð samkvæmt þessum reglum nefnist stuðningsþjónusta og er framkvæmd hennar byggð á mati starfsmanna félagsþjónustunnar á aðstæðum umsækjanda.

Í stuðningsþjónustu felst:

- Persónulegur stuðningur: Félagslegur stuðningur við börn eða foreldra ætlaður til að rjúfa félagslega einangrun og stuðla að samfélagsþátttöku út frá forsendum og markmiðum hvers og eins.
- Aðstoð inn á heimili: Aðstoð eða leiðsögn til foreldra/forsjáraðila vegna uppeldis og aðbúnaðs barna. Aðstoðin tekur mið af þörfum fjölskyldunnar hverju sinni og getur falist í aðstoð við uppeldi barns, félagslegum stuðningi eða aðstoð við heimilishald s.s. þvott, undirbúning máltíða og aðstoð við persónulega umhirðu
- Helgardvöl: Móttaka barns eða barna til dvalar á heimili stuðningsfjölskyldu með það að markmiði að styðja foreldra í forsjárlutverki, veita þeim hvíld og/eða styrkja stuðningsnet hlutaðeigandi barns/barna eftir því sem við á.

5. gr.

Umsókn og mat á þjónustubörf

Umsóknum um stuðningsþjónustu skal skila á þar til gerðum eyðublöðum til félagsþjónustu. Fylgigögn sem gætu styrkt umsókn um stuðningsþjónustu, svo sem læknisvottorð, upplýsingar frá skólaþjónustu, skóla, sálfræðingum og/eða öðrum sérfræðingum skulu fylgja með umsókn.

Sé ástæða umsóknar sérstaklega tengd fjárhagserfiðleikum umsækjanda skal skattframtal eða nákvæmt yfirlit yfir fjárhagsstöðu viðkomandi fylgja með.

Umsóknir eru metnar af starfsmanni félagsþjónustu á sérstöku matsblaði en umsókn skal einnig fylgja greinargerð starfsmanns félagsþjónustu.

Allar umsóknir eru lagðar fyrir meðferðarfund til afgreiðslu.

6. gr.

Umfang þjónustu

Umfang samþykkrar þjónustu fer eftir mati meðferðarfundar á aðstæðum umsækjanda en með hliðsjón af stigaskori á matsblaði.

Skori umsækjandi á bilinu 6-9 stig á matsblaði kemur aðeins til greina að veita persónulegan stuðning

Skori umsækjandi 10 stig eða fleiri veitir það rétt til persónulegs stuðnings, aðstoðar á heimili og/eða helgardvalar

Hámarkstími veittrar þjónustu er eftirfarandi:

- Persónulegur stuðningur: 20 tímar á mánuði
- Aðstoð á heimili: 20 tímar á mánuði
- Helgardvöl: 4 sólarhringar í mánuði

7. gr.

Þjónustusamningur

Áður en stuðningsþjónusta hefst skal gengið frá þjónustusamningi. Í þjónustusamningi skal koma fram hver sé tilgangur með stuðningi, hvernig settum markmiðum skuli náð, tímafjöldi, gildistími samnings og hvernig aðstoðin skuli veitt. Þjónustusamningur skal að öllu jöfnu ekki vera til lengri tíma en 6 mánaða í senn.

8. gr.

Framkvæmd þjónustunnar

Stuðningsþjónusta skal alltaf vera liður í umfangsmeiri aðstoð við umsækjanda. Félagsþjónusta ræður starfsfólk til að sinna þjónustunni og skal hún alla jafna ekki vera veitt af nánum ættingjum umsækjanda.

Útlagður kostnaður vegna þjónustunnar greiðist af umsækjanda en félagsþjónusta endurgreiðir starfsmanni útlagðan kostnað að hámarki kr. 5000 á mánuði.

Þurfi starfsmaður að nýta einkabifreið vegna þjónustunnar greiðir félagsþjónustan að hámarki kostnað vegna 100 km á mánuði, samkvæmt gjaldskrá.

9. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessu

Starfsmenn Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu hafa heimild til að taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu.

10. gr.

Afgreiðsla umsóknar

Allar umsóknir eru teknar fyrir á meðferðarfundum, sem haldnir eru vikulega. Umsækjanda skal kynnt niðurstaða umsóknar svo fljótt sem unnt er. Svar við umsókn skal ávalt vera skriflegt.

11. gr.

Synjun umsóknar

Sé umsókn synjað skal rökstuðningur koma fram í bókun meðferðarfundur. Starfsmenn skulu kynna umsækjanda rétt hans til að vísa afgreiðslu umsóknar til félagsmálanefndar. Umsækjandi hefur fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til félagsmálanefndar. Nefndin skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem

unnt er. Ákvörðun nefndarinnar skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til að kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála.

12.

Gildistaka

Reglur þessar taka gildi frá júní 2015 og eru endurskoðaðar á tveggja ára fresti.

Samþykktar í félagsmálanefnd þann 23. mars 2015

Samþykktar í aðildarsveitarfélögum á vormánuðum 2015.